


# FJÖLRIT

## NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUNAR



Helgi Hallgrímsson og  
Guðríður Gyða Eyjólfsdóttir

### ÍSLENSKT SVEPPATAL I

### Smásveppir

CHECKLIST OF ICELANDIC FUNGI I Microfungi

# FJÖLRIT

## NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUNAR

---

Fjölrit Náttúrufræðistofnunar er ritröð sem hóf göngu sína árið 1985. Birtar eru greinar og skýrslur eftir starfsmenn stofnunarinnar og fræðimenn sem vinna í samvinnu við þá. Í hverju hefti er ein sjálfstæð grein um náttúrufræði. Útgáfan er óregluleg. Greinar eru ritaðar á íslensku með enskum útdrætti. Þær mega einnig vera á ensku en þá skal ávallt fylgja ítarlegur útdráttur á íslensku.

---

**Ritstjóri:**

Erling Ólafsson

Netfang: erling@ni.is

**Kápu mynd:***Pleurotheciopsis bramleyi* (mælistikan er 30 µm löng)

Teikning: Guðríður Gyða Eyjólfsdóttir

**Útgefandi:**

NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

<http://www.ni.is>

Hlemmi 3 Pósthólf 5320 125 Reykjavík Sími 5900500 Bréfasími 5900595 ni@ni.is  
Hafnarstræti 97 Pósthólf 180 602 Akureyri Sími 4600500 Bréfasími 4600501 nia@ni.is

**Stafræn prentun:** Prentstofan Stell ehf. Akureyri

© Náttúrufræðistofnun Íslands

ISSN 1027-832X

## EFNISYFIRLIT

<b>ÁGRIP</b> .....	5
<b>ABSTRACT</b> .....	5
<b>INNGANGUR</b> .....	6
<b>PREFACE</b> .....	11
<b>SVEPPAFYLKINGARNAR OG RANNSÓKNIR Á ÞEIM</b> .....	13
Slímsveppir.....	13
Vatnasveppir: eggssveppir og kytrusveppir.....	13
Oksveppir.....	14
Asksveppir og vankynsveppir.....	15
Kólfsveppir: ryðsveppir, sótsveppir og lyngrauðusveppir.....	18
<b>TEGUNDATAL</b> .....	20
<b>PROTOZOA</b> .....	20
MYXOMYCOTA <i>SLÍMSVEPPIR</i> .....	20
PLASMIDIOPHOROMYCOTA <i>ÆXLASVEPPIR</i> .....	24
<b>CHROMISTA</b> .....	25
HYPHOCHYTRIOMYCOTA.....	25
LABYRINTHULOMYCOTA.....	25
OOMYCOTA <i>EGGSVEPPIR</i> .....	26
<b>FUNGI</b> .....	33
CHYTRIDIOMYCOTA <i>KYTRUSVEPPIR</i> .....	33
ZYGOMYCOTA <i>OKSVEPPIR</i> .....	39
ASCOMYCOTA <i>ASKSVEPPIR</i> .....	43
Taphrinomycetes <i>vendilssveppir</i> .....	43
Saccharomycetes <i>gersveppir</i> .....	44
Arthoniomycetes.....	44
Chaetothyriomycetes.....	45
Dothideomycetes.....	45
Eurotiomycetes.....	61
Lecanoromycetes.....	62
Leotiomycetes.....	64
Pezizomycetes <i>skálsveppir</i> .....	76
Sordariomycetes <i>skjóðusveppir</i> .....	82
VANKYNSVEPPIR.....	96
BASIDIOMYCOTA <i>KÓLFSVEPPIR</i> .....	120
Urediniomycetes <i>ryðsveppir</i> .....	120
Ustilaginomycetes <i>sótsveppir</i> .....	126
<b>HEIMILDIR</b> .....	129
<b>1. VIÐAUKI HÝSLAR, UNDIRLAG OG BEITA</b> .....	138
<b>2. VIÐAUKI SVEPPANAFNASKRÁ</b> .....	159

## **ÍSLENSKT SVEPPATAL I Smásveppir**

Slímsveppir, egg sveppir, kytrusveppir, oksveppir, asksveppir sem ekki mynda fléttur, vankynsveppir, ryðsveppir, lyngrauðusveppir og sótsveppir.

## **CHECKLIST OF ICELANDIC FUNGI I Microfungi**

Myxomycota, Oomycota, Chytridiomycota, Zygomycota, non-lichenized Ascomycota, anamorphic fungi, Urediniomycetes, and Ustilaginomycetes.

Helgi Hallgrímsson  
Lagarási 2  
IS-700 Egilsstaðir

Guðríður Gyða Eyjólfsdóttir  
Náttúrufræðistofnun Íslands  
Hafnarstræti 97  
Pósthólf 180  
IS-602 Akureyri  
gge@ni.is

## ÁGRIP

Í þessari skrá er getið þeirra slímsveppa, eggsvappa, kytrusveppa, oksveppa, asksveppa sem ekki mynda fléttur, vankynsveppa auk ryðsveppa- og sótsveppa úr fylkingu kólfsveppa, alls 1531 tegundar, sem heimildir geta um að fundist hafi á Íslandi eða sýni eru til af í grasasöfnum. Af þessum tegundum eru 48 taldar vafasamar og ólíklegt að hafi fundist hér í raun og veru. Aðrar 165 tegundir eru sumar ógildar þar sem þeim hefur ekki verið formlega lýst á réttan hátt, greining annarra til tegundar er ekki örugg og að lokum eru þó nokkrar sem bera nöfn sem ekki hafa verið notuð síðustu áratugin. Þá eru eftir 1318 tegundir sem nokkuð öruggt er að fundist hafa hérlendis fram til ársloka 2002. Hverri tegund fylgja tilvísanir í heimildir þar sem hennar er getið og nöfn, bæði samheiti og misnefni, sem tegundin gekk undir í heimildunum, en stundum skammstöfun þess grasasafns sem hana geymir. Um mismunandi afbrigði eða form tegundar er fjallað sérstaklega. Þá er getið þekktra hýsla eða undirlags tegundar sem og þekktrar útbreiðslu hennar á Íslandi og tíðni á útbreiðslu-svæðinu metin. Skrá fylgir um tegundir á hverjum hýsli, undirlagi eða beitu og aftast er nafnaskrá. Einnig er í stuttu máli rakin saga svepparannsóknna hérlendis bæði almennt og einstakra sveppahópa.

## ABSTRACT

This is a list of the Myxomycota, Oomycota, Chytridiomycota, Zygomycota, Ascomycota (non-lichenized), anamorphic fungi and Basidiomycota pro parte (Urediniomycetes & Ustilaginomycetes) which have been recorded in Iceland, a total of 1531 species. Of those, 48 are considered doubtful records and unlikely that those species have been found in Iceland, 165 species either have illegal names, confused names, are not confidently identified or their names do not appear to have been used over the last decades. Thus 1318 species have been recorded in Iceland to the end of the year 2002. For each of the 1531 species treated herein references are cited with synonyms or misapplied names of the species and its host species or substrata, its known distribution within Iceland and its estimated frequency within that area follows. Different varieties or forms of the same species are treated separately. A list of fungi on each host species, type of substrate or bait was compiled and a list of fungal names. A brief account of research on Icelandic fungi in general and on individual groups of fungi is given.

## INNGANGUR

Fyrir einni öld birtist fyrsta heildarskrá um íslenska sveppi í danska tímaritinu *Botanisk Tidsskrift* (Rostrup 1903). Síðan hafa margir sveppafræðingar lagt hönd á plóginn og þekkingu á svepparíki landsins hefur þokað fram þótt ennþá geti hún ekki talist fullnægjandi.

Til að fylgjast með því sem vitað var um sveppaflóru landsins skráði Helgi Hallgrímsson upplýsingar um alla íslenska sveppi í spjaldskrá á árunum 1985–1989 og notaði til þess tiltækar heimildir. Þetta var unnið á vegum Náttúrufræðistofnunar Norðurlands á Akureyri. Allar heimildir sem gátu viðkomandi tegundar á Íslandi voru færðar á spjöldin, enn fremur samnefni, undirlag og kjörlendi hverrar tegundar, ásamt upplýsingum um útbreiðslu og tíðni og jafnframt var getið um greiningarvandamál. Stundum voru safneintök líka skráð á spjöldin einkum þegar sjaldgæfar tegundir áttu í hlut. Upp úr spjaldskránni voru gerðir listar sem ljósritaðir voru í takmörkuðu upplagi og sendir ýmsum stofnunum og einstaklingum sem fengust við svepparannsóknir (Helgi Hallgrímsson 1987a, disksveppir; 1987c, hinir stærri kólfsveppir; 1988a, slímsveppir; 1988b, þel-sveppir).

Spjaldskráin er aðeins til í einu eintaki og er hún geymd á Náttúrufræðistofnun Íslands á Akureyri. Þar er einnig varðveitt sveppasafn Helga Hallgrímssonar sem er uppistaðan í sveppasafni stofnunarinnar. Mörgum stórsveppasýnum fylgja lýsingar og athugasemdir sem Helgi skráði þegar þeim var safnað og ljósmyndir af sumum þeirra. Auk Helga hefur Hörður Kristinsson ljósmyndað allmörg sýni sem eru í safninu. Nokkra tugi þessara mynda getur að líta á veraldarvefnum<sup>1</sup> ásamt stuttri umfjöllun. Í sveppasafni Náttúrufræðistofnunar Íslands á Akureyri (AMNH), sem Guðríður Gyða Eyjólfsdóttir sér um, eru varðveitt sýni margra þeirra tegunda sem fundist hafa hérlendis. Safnið telur um 16.000 sýni, mest hatt-sveppi og eru upplýsingar um 12.050 þeirra á tölvutæku formi, þar af um 1.000 sýni smásveppa. Sýni fjölda íslenskra smásveppategunda er þó ennþá einungis að finna í erlendum sveppasöfnum; í Botanisk Museum í Kaupmannahöfn (C), Botanisk Museum í Osló (O), í Evolutionsmuseet í Uppsölum (UPS) eða í Duke Háskóla í Norður-Karólínu í Bandaríkjunum (DUKE) svo nokkur séu nefnd. Af sumum þeirra eru geymd tvítök í plöntusafni Náttúrufræðistofnunar Íslands í Reykjavík (ICEL). Þeir sem áhuga hafa á frekari upplýsingum um íslenska sveppi geta snúið sér til Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Árið 1990 var gerð einföld asksveppaskrá, þ.e. aðeins tegundanöfn í stafrófsröð með einni til þremur heimildum, og gefin út undir heitinu: *Íslenskt sveppatal II*. Asksveppir (Helgi Hallgrímsson 1991) og stóð til að þetta yrði fyrsti hluti 5–6 hefta skrár um sveppi og fléttur á Íslandi. Næstu ár var haldið áfram að tölvusetja spjaldskrána og lauk því verki í desember 1994. Sú tölvusetta skrá tók við hlut-verki spjaldskrárinnar og var jafnóðum bætt í hana þeim tegundum sem fundust.

<sup>1</sup> <http://www.floraislands.is/sveppaval.htm>

Skráin var mun ítarlegri en asksveppatalið og var ákveðið að gefa út alla skrána á því formi en skipta henni í tvennt og í fyrra heftinu (Íslensku sveppatali I. Smásveppum), sem hér birtist, yrðu asksveppir sem ekki mynda fléttur og allir hinir smærri sveppir alls rúmlega 1.500 tegundir en í síðara heftinu (Íslensku sveppatali II) yrðu hinir stærri kólfsveppir (flokkurinn Basidiomycetes) alls um 550 tegundir. Í þriðja hlutanum yrðu íslenskar fléttur sem langflestar eru asksveppir, alls um 710 tegundir og sæi Hörður Kristinsson Náttúrufræðistofnun Íslands á Akureyri um þann hluta, en einfaldan lista hans yfir íslenskar fléttur er að finna á veraldarvefnum.<sup>2</sup>

Sveppunum er hér raðað samkvæmt flokkunarkerfi sínu. Flokkunarkerfið er það sem notað er í níundu útgáfu Dictionary of the Fungi (Kirk o.fl. 2001), nema kerfi asksveppa þar sem fylgt er kerfi Eriksson o.fl. eins og það er sett fram í „Outline of Ascomycota – 2002“ á Myconeti á veraldarvefnum<sup>3</sup> og síðar í tímaritinu Systema Ascomycetum. Fyrsta bindi Nordic Macromycetes (Hansen & Knudsen 2000) með ítarlegum greiningarlyklum fyrir hina stærri asksveppi á Norðurlöndum reyndist mjög gagnlegt hvað varðar gild tegundanöfn asksveppa. Árið 2000 urðu yfirlit yfir sveppanöfn hjá CABI Bioscience í Bretlandi, IndexFungorum<sup>4</sup>, og Breska sveppatalið<sup>5</sup> með um 16.900 tegundum, unnið af Breska sveppafræðifélaginu aðgengileg á veraldarvefnum. Þar eru auk nafnanna sjálfra töluverðar upplýsingar um nafnabreytingar og sífellt bætast við upplýsingar um samheiti einstakra tegunda. Áður hafði mest verið stuðst við Farr o.fl. (1989) uppsláttarrit sem að mestu er einnig aðgengilegt sem gagnagrunnur á veraldarvefnum. Höfundanöfn eru styttn samkvæmt Brummitt & Powell (1992) og eru því ekki nákvæmlega eins og í sumum heimildunum. Reynt var að finna gilt nafn á hverja tegund en í hornklofum með heimildum eru tilgreind þau nöfn sem notuð voru um hana og teljast ýmist samheiti eða misnefni hennar. Þegar margir nota sama nafnið er það tilgreint í fyrsta skiptið en táknað með [idem] þar til annað nafn tekur við í röðinni. Þessi nöfn eru síðan skáletruð með grönnu lettri í sveppanafnaskránni. Ekki tókst alltaf að finna gilt nafn á tegundir, sérstaklega þegar upprunaleg ættkvísl hafði verið sameinuð annarri en „tegundin“ hafði ekki verið flutt í hana með formlegum hætti. Slíkar eftirlegutegundir eru látnar halda sínu gamla nafni en á eftir ættkvíslarheitinu er vísað í ættkvíslina sem nú er notuð. Reyndar skal það tekið fram að í fæstum tilfellum hafa íslensku sýnin verið skoðuð sérstaklega en hafi þau verið tekin með í rannsóknum á ættkvíslum eða ættum sínum þá er þeirrar heimildar getið. Almennt er því miðað við að sýnin hafi verið rétt greind í upphafi sem reyndar er ekki nærri alltaf tilfallið. Að þessu sögðu er ljóst að þörf er á að skoða íslensku sýnin sem geymd eru í Kaupmannahöfn (C) og kanna hvort nöfnin sem Emil Rostrup og Poul Larsen notuðu um tegundirnar á sínum tíma séu þau sem nú eru notuð.


<sup>2</sup> <http://www.floraislands.is/fletlist.htm>

<sup>3</sup> <http://www.umu.se/myconet/curr/current.html>

<sup>4</sup> <http://www.indexfungorum.org/Names/Names.asp>

<sup>5</sup> <http://194.203.77.69/fieldmycology/GBCHKLST/gbchklst.asp>

Í þessu sveppatali er getið fyrstu heimildar um tegundina hérlandis og þeirra heimilda annarra sem bæta við upplýsingum um eðli og útbreiðslu hennar eða um stöðu hennar í flokkunarkerfinu; þeim sem aðeins endurtaka upplýsingar úr eldri heimildum, t.d. þegar Larsen (1932) telur aðeins þau sýni sem Rostrup (1903) gat um, er oftast en ekki sleppt. Sýni úr sveppasafni NÍ á Akureyri hafa verið greind af höfundum sveppatalsins eða Herði Kristinssyni, sé annað ekki tekið fram, en þá sveppi er á fléttum vaxa hefur Starri Heiðmarsson fléttufræðingur greint. Heimildir sem í er að finna lýsingu og/eða teikningu af íslenskum eintökum viðkomandi tegundar eru **undirstrikaðar** í skránni. Getið er um **útbreiðslu** eftir landshlutum (1. mynd) en fundarstaða er aðeins getið fyrir sjaldgæfustu tegundirnar. Sé tegundin aðeins fundin á takmörkuðu svæði en á fleiri en einum stað er nafn svæðisins gefið t.d. Hörgárdalur, Na eða Árn., Su. Þá er oft gefin upp **áætluð tíðni tegundar** á útbreiðslusvæði sínu; mjög algeng, algeng, tíð, alltið, fátíð, sjaldgæf og fundarstaður fyrir mjög sjaldgæfar tegundir. Þetta mat verður að taka með fyrirvara því um margar tegundir vantar upplýsingar utan örfárra skráðra fundarstaða. Stundum er í lokin vísað til **mynda í sveppabókum** af viðkomandi tegund. Þá er skammstöfuð tilvísun í bækurnar t.d. Breitenbach & Kränzlin (1981) <B&K I, 266>, Ryman & Holmásen (1984) <R&H, 680> og Dennis (1981) <Dennis Pl. XIId>. Þegar sveppur getur komið fyrir bæði á **kynjuðu (teleomorph)** og **vankynstigi (anamorph)** sínu er hitt stigið nefnt í hornklofum aftan við síðustu heimildina. Þegar aðeins annað stigið hefur fundist hérlandis er **stigið sem vantar** merkt með **stjörnu (\*)** framan við tegundarnafnið sem jafnframt er **feit- og skáletrað**.



1. mynd. Skipting Íslands í landshluta sem notuð er til að tákna útbreiðslu tegunda í skrá þessari. – Biogeographic division of Iceland used for distribution of fungi in this list.



- (?) Spurningarmerki fyrir framan tegundarnafn merkir að ekki sé víst að tegundin hafi vaxið hér á landi þó um hana sé getið.
- (!) Upphröpunarmerki er notað til að tákna tegundanöfn sem eru vafasöm og nöfn sem ekki hafa fundist í notkun síðustu áratugina, gætu verið gild nöfn á tegundum eða gætu hafa verið gerð að samheiti tegundar sem við höfum ekki upplýsingar um.
- (■) Svartur ferningur er settur þar sem höfundur eða aðrir sem skoða sýnið telja greininguna óvissa, þ.e. sýnið líkist tegundinni ekki að öllu leyti.
- (◆) Svartur tígull táknar hins vegar vafasama eða ranga greiningu, svokölluð misnefni (misapplied names), þ.e. viðkomandi tegund hefur að líkindum gengið undir röngu nafni í heimildinni.
- (#) Grindmerki er notað við nafn sem er ógilt þar sem tegundinni hefur ekki verið rétt lýst eða nafn sem hefur óljósa merkingu (nomen confusum).

Þegar sýnum sem upphaflega hafa verið talin til einnar tegundar er seinna skipt í tvær eða fleiri tegundir þá er bætt „að hluta til“ (*pro parte* skammstafað **p.p.**) aftan við nafnið sem upphaflega var notað.

Aftast í umfjöllun tegunda með slíka merkingu er oft frekari útskýring.

Tegundum hvernar ættkvíslar er raðað í stafrófsröð og þar á eftir er stundum minnst á sýni sem ekki hafa verið tegundagreind en tilheyra ættkvíslinni.

Íslensk heiti tegunda, ættkvísla, ætta og ættbálka eru höfð með, þar sem slík nöfn eru til, og eru þau oftast samhljóða þeim nöfnum sem notuð eru í handriti bókarinnar „Sveppir á Íslandi“, eftir Helga Hallgrímsson eins og það var árið 2001. Íslensk sveppanöfn eru þó flest ung í málinu og má reikna með að áður en þau verða mönnum töm taki þau margvíslegum breytingum, vonandi til hins betra.

Í þessa skrá hafa verið teknar þær fylkingar og flokkar lífvera sem hefð er fyrir að kalla sveppi og sveppafræðingar fjalla um. Þær eru býsna ólíkar í útliti og eðlisháttum enda alllangt í sameiginlegan uppruna sumra þeirra. Slímsveppir eru alveg sér á blaði enda taldir með fáeinum öðrum „sveppum“ í ríki frumdyra (Protozoa). Eggssveppir eru nú taldir skyldari ákveðnum þörungum en sveppum, svo er og um fleiri smáfylkingar sem tilheyra ríki Chromista. Kytrusveppir og oksveppir sem áður töldust til hinna lægri sveppa eru hluti svepparíkisins (Fungi) ásamt asksveppum og kólfsveppum. Þeir sveppir sem mynda fléttur verða í sérstöku hefti íslensks sveppatals en ákveðið var að fléttusníklar og sveppir sem nauðbundnir eru fléttum yrðu hafðir með í þessu hefti sveppatalsins (sjá 1. viðauka: Fléttur bls. 152–153). Nánar er fjallað um einstakar fylkingar á bls. 13–19.

Við viljum þakka Herði Kristinssyni, Náttúrufræðistofnun Íslands, fyrir gagnlegar upplýsingar og aðstoð á ýmsum stigum verksins. Halldóri Sverrissyni Rannsóknastofnun landbúnaðarins, þeim Garðari R. Árnasyni og Magnúsi Á. Ágústssyni Bændasamtökum Íslands, Gísla Jónssyni Tilraunastöð háskólans í meinafræði og Ingibjörgu Hilmarsdóttur sýklafræðideild Rannsóknastofnunar Landspítala

háskólasjúkrahúss er þakkað fyrir upplýsingar um sveppi á nytjajurtum, fiskum og fólki. Tegundalistar þeirra eru varðveittir á Náttúrufræðistofnun Íslands og er vísað í þá með nafni heimildarmanns og ártali en aftast í sviga stendur listi. Starri Heiðmarsson, Náttúrufræðistofnun Íslands, bætti við listann mörgum sveppum sem á fléttum vaxa og kunnum við honum góðar þakkir fyrir. Öllum öðrum sem komu að gerð þessa rits færum við bestu þakkir.

Það er von okkar að þessi skrá auðveldi mönnum vinnu við íslenska sveppi, vísi á fljótlegan hátt á fyrri umfjöllun um tegundirnar á Íslandi, hýsla eða undirlag og þekkta útbreiðslu. Þess er að lokum farið á leit við notendur að rekist þeir á villur, t.d. að tegundir hafi ekki ratað í listann láti þeir Guðríði Gyðu Eyjólfsdóttur (netfang: gge@ni.is) vita, því til stendur að uppfæra listann og halda honum við, ef til vill á heimasíðu Náttúrufræðistofnunar Íslands, sem þá kæmi í stað spjaldskrárinnar góðu.

Mái 2003. Helgi Hallgrímsson og Guðríður Gyða Eyjólfsdóttir

## PREFACE

One hundred years ago, in 1903, Emil Rostrup published in *Botanisk Tidsskrift* the first list of fungi recorded from Iceland, counting 543 species. Since then many mycologists, both native and foreign, have contributed towards increasing the knowledge of the Icelandic fungal flora. Still, however, there are big gaps in knowledge of the Icelandic mycota, especially microfungi.

In the years 1985–1989, Helgi Hallgrímsson, the senior author of this report, compiled a card index of Icelandic fungi for the Akureyri Museum of Natural History. The available literature was checked and all records of each species were registered on cards, along with synonyms and information on substrate, habitat, distribution, and frequency. The card index was corrected and updated repeatedly.

The present list contains much of the information from the card index, updated to reflect recent changes. The first reference of each species in Iceland, and others that provide additional knowledge of the species and its distribution within the country, are given, while references repeating older information are generally omitted. A reference, containing descriptions and/or figures of Icelandic specimens, is underlined. Dubious species names or records are indicated by writing the specific epithet in ***bold italics***, preceded by:

- (?) for dubious records;
- (■) for uncertain identification;
- (◆) for misidentification (misapplied names);
- (#) for invalid or dubious names; and by
- (!) for names that do not appear to have been used for the last few decades and may or may not be valid. These records usually have an explanatory note at the end.
- (\*) in front of a name of an ascomycete indicates that the species has only been reported in Iceland in its anamorphic state, while an asterisk in front of a name of an anamorphic species indicates that the species has only been reported in its teleomorphic state.

No attempt has been made to revise the determinations of collections on which the records are based, but references are to revisions. The specimens are stored in different herbaria, e.g. in Duke University Herbarium, USA (DUKE), Icelandic Institute of Natural History, Akureyri (AMNH) and Reykjavík (ICEL), Botanical Museum University of Copenhagen (C), Botanical Museum University of Oslo (O), and Museum of Evolution, Uppsala (UPS), but many specimens have surely been lost.

Information on host species, substrate or bait, habitat and distribution, is provided for each species. The knowledge of distribution is often quite limited, based on one or very few specimens. A species can thus be identified as rare

even though, with further study, it might actually be quite common. The species are arranged in systematic order in accordance with the 9th edition of Dictionary of the Fungi (Kirk et al. 2001) with the ascomycetes listed according to “Outline of Ascomycota – 2002” Eriksson et al. (2002) available on the internet.

The checklist of Icelandic fungi (non-lichenized) will be published in two parts with a third part planned for lichenized fungi. The first part, appearing now, lists a total of 1483 species (1531 species including those marked “?”). It includes fungoid members of the kingdoms Protozoa (mainly Myxomycota), Chromista (mainly Oomycota), fungi of Chytridiomycota, Zygomycota, non-lichenized Ascomycota, anamorphic fungi and Basidiomycota p.p. (classes Urediniomycetes and Ustilaginomycetes). In numbers, the checklist includes some 50 species of Myxomycota and related phyla, approximately 140 of Oomycota, 100 of Chytridiomycota, 50 of Zygomycota, 625 of Ascomycota, about 400 anamorphic fungi and 110 of Basidiomycota (rusts, smuts and Exobasidiales).

The second part of the checklist will list the remaining Basidiomycota, i.e. class Basidiomycetes – the present estimate is about 550 species. The third part, listing the lichenized ascomycetes (Lichenes) of which about 710 species are known in Iceland, will be compiled by the lichenologist Hörður Kristinsson, Icelandic Institute of Natural History. A simple version of that list is available on the internet<sup>6</sup>, [floraislands.is](http://www.floraislands.is), a website with information on the Icelandic flora and mycota including photographs of Icelandic plants and fungi<sup>7</sup>.

We wish to thank all the mycologists, foreign and Icelandic, for their valuable contributions to Icelandic mycology. We hope that the checklist will assist those working on Icelandic fungi, e.g. by providing easy reference to literature on Icelandic fungi and to establish which fungi have been recorded in Iceland and what their known distribution is. The checklist will be kept at the Icelandic Institute of Natural History, and updated regularly, perhaps using the home page<sup>8</sup> instead of the original card index. Hence, we kindly request those who find omissions and errors in the checklist to let the second author, Guðrídur Gyða Eyjólfsdóttir (e-mail: [gge@ni.is](mailto:gge@ni.is)) know. We would also be interested in information on Icelandic fungi kept in foreign collections or herbaria and not treated in the references cited herein.

May 2003. Helgi Hallgrímsson and Guðrídur Gyða Eyjólfsdóttir

---

<sup>6</sup> <http://www.floraislands.is/fletlist.htm>

<sup>7</sup> <http://www.floraislands.is/sveppaval.htm>

<sup>8</sup> [www.ni.is](http://www.ni.is)

## SVEPPAFYLKINGARNAR OG RANNSÓKNIR Á ÞEIM

### Slímsveppir

Slímsveppir (*Myxomycota*) hafa mikla sérstöðu meðal sveppa, enda eru þeir nú taldir til frumdýraríkisins (*Protozoa*) ásamt nokkrum smærri fylkingum sem sveppafræðin hefur fjallað um svo sem *Acrasiomycota*, *Dictyosteliomycota* og *Plasmodiophoromycota*. Þessar lífverur minna bæði á dýr og sveppi enda hefur það lengi vafist fyrir mönnum hvar þær ættu heima í flokkunarkerfinu.

Á vaxtarstigi eru flestir þeirra formlaus slímmassi, sem líkist amöbum og getur skriðið líkt og þær, en fullþroska mynda þeir gró og gróhirslur sem svipar mjög til sveppa. Af þeim ástæðum hafa slímsveppir löngum verið taldir með sveppum og sveppafræðingar rannsakað þá. Þeir eru flestir rotverur og lifa á alls konar rotlandi leifum úr jurtaríkinu einkum á fúnum viði í skógum.

Íslenskir slímsveppir voru næstum óþekktir þar til fyrir 20 árum að danskur sveppafræðingur, Henrik F. Gøtzsche tók sér fyrir hendur að safna þeim skipulega, rækta þá og rannsaka. Kom hann hingað í því skyni sumurin 1981 og 1984. Í seinni ferðinni safnaði hann fjölda sýna af fúnum viði, kvistum og sölnuðu laufi í skógum og kjarri, einnig sinu og mosa, sem síðar voru sett í rakaklefa til að fá sveppina til að vaxa. Heildarniðurstöður þessara rannsókna birtust 1984, 1990 og í óprentaðri doktorsritgerð Gøtzsche um slímsveppi á Grænlandi og Íslandi 1987, en eintak af henni er til á Náttúrufræðistofnun Íslands á Akureyri. Þar er íslensku tegundunum nákvæmlega lýst. Sýni sem Gøtzsche safnaði eða ræktaði upp eru geymd í Botanisk Museum, Kaupmannahöfn (C). Árangur þessara rannsókna Gøtzsche má sjá af því að þegar hann hóf að rannsaka slímsveppi hérlendis voru aðeins 10 íslenskar tegundir þekktar en nú eru þær um 50. Má því segja að íslenska slímsveppaflóran sé allvel þekkt miðað við sveppi almennt.

Bráðabirgðaskrá um íslenska slímsveppi var fjölríttuð í fáum eintökum á vegum Náttúrufræðistofnunar Norðurlands (Helgi Hallgrímsson 1988a).

### Vatnasveppir: eggveppir og kytrusveppir

Bæði eggveppir og kytrusveppir vaxa helst í miklum raka og eru mjög margir þeirra vatnasveppir með bifgró í lífsferli sínum.

Eggveppir (*Oomycota*) tilheyra ríki *Chromista* ásamt gulum, gulgrænum, brúnum og fleiri þörungum og tveim öðrum svepplegum fylkingum, *Hyphochytriomycota* og *Labyrinthulomycota* en talið er að þær hafi tapað litberum sínum snemma í þróuninni. Frumuveggur þeirra er oftast gerður úr beðmi og bifgróin eru oftast með tvær mismunandi svipur, vanalega á framenda. Eggveppir eru tvílitna nema kynfrumurnar.

Kytrusveppir, *Chytridiomycota* tilheyra svepparíkinu (*Fungi*) og hafa kítín í frumuvegg sínum og eina slétta svipu á afturenda bifgróanna.

Fyrir 1965 höfðu fáir eggsvæppir og kytrusvæppir verið skráðir á Íslandi, aðallega þá þeir sem sníkja á grænum plöntum (*Peronosporaceae*) (Rostrup 1903, Jørstad 1962) en vatnasvæppir höfðu nánast ekkert verið kannaðir.

Á þessu varð mikil breyting þegar hingað komu bandarískir vísindamenn til að rannsaka landnám lífs í Surtsey sem myndaðist í eldgosí 1963 (Anon. 1973). Það var Terry W. Johnson frá Duke Háskóla, Norður-Karólínu, Bandaríkjunum sem stóð fyrir þessum rannsóknum og ritaði um þær u.þ.b. 30 greinar, ýmist einn eða með aðstoðarmönnum og nemendum sínum, en helstir þeirra voru K.L. Howard og A.R. Cavaliere. Howard fjallaði í doktorsritgerð sinni um vatnasvæppi á Íslandi (Howard 1968) og lýsti þeim tegundum sem þá voru þekktar héðan. Þótt ritgerðin hafi ekki verið prentuð birtist meginefni hennar í tímaritsgreinum þeirra félaga. Eintak hennar er til á Náttúrufræðistofnun Íslands á Akureyri og í Reykjavík.

Vatnasvæppir eru ýmist ásætur á öðrum lífverum eða leifum þeirra, eða ýmsu því sem í vatni liggur, en sumir sníkja á þörungum eða öðrum vatnasveppum. Hægt er að safna sveppunum beint ásamt með undirlagi sínu eða, eins og oftast er gert að veiða þá úr vatni eða jarðvegssýnum á beitu sem þeir setjast á, hampfræ eða barnshár svo dæmi séu nefnd.

Rannsóknir þeirra félaga vöktu athygli sveppafræðinga um allan heim enda lýstu þeir nýjum tegundum og lögðu til endurbætur á flokkunarkerfinu. Fullyrða má að vatnasvæppir hafi ekki verið eins ítarlega kannaðir í nokkru öðru landi á þeim tíma. Safn þeirra er varðveitt á Náttúrufræðistofnun Íslands í Reykjavík (ICEL), sum sýni í vökva en flest sem smásjárýni.

Við skiptingu í ættir og ættbálka var aðallega farið eftir greinum Johnson (1973e og 1974a), sem gefa gott yfirlit yfir þessa sveppi hér á landi, en smávægilegar breytingar voru gerðar á uppröðun samkvæmt Kirk o.fl. (2001). Í sumum tilvikum vantaði upplýsingar um beitu eða uppruna sýna í tilvitnuðum heimildum og var þeim þá bætt við samkvæmt upplýsingum sem fylgja sýnunum.

Nú hafa fundist um 100 tegundir af kytrusveppum og um 140 tegundir af eggsvæppum á Íslandi. Þar af eru um 30 sníkjusvæppir í landplöntum en hinir eru flestir í vatni, blautri mold eða sníkja í vatnaþörungum og vatnasveppum.

## Oksveppir

Oksveppir (*Zygomycota*) voru lengi hafðir með kytrusveppum og eggsvæppum sem einn aðalhópur hinna lægri sveppa. Þeir eru nú taldir sjálfstæð fylking innan svepparíkisins.

Líkami oksveppa er þráðlaga, að jafnaði ekki hólfaður með þverveggjum, en oftast marggreindur og myndar sýnilega myglu. Frumveggurinn er úr kítíni. Kynferli flestra þeirra er fólgið í samruna tveggja miskynja æxlunarþráða (gametangia) sem þó eru eins að útliti. Við samrunann myndast brú milli þráðanna, sem hefur þótt minna á ok (þ.e. tré sem tengdi saman tvo uxa fyrir

æki), og í miðri brúnni (lokað af með þverveggjum) myndast stórt þykkveggja dvalagró, okgró. Oksveppir lifa flestir rotlífi og eru því tíðastir í mold, á taði og jurtaleifum sem eru að fúna eða rotna og mynda þar oft áberandi myglu. Nokkrir eru sérhæfðir sníklar.

Íslenskir oksveppir hafa ekki verið kannaðir nærri eins vel og eggveppir og kytrusveppir. Helsta heimildin er doktorsritgerð um Mucorales eftir Elzie V. Laube (1971), einn af nemendum Terry W. Johnson's við Duke Háskóla. Í henni eru ítarlegar lýsingar þeirra tegunda er hann og tveir félagar hans söfnuðu á tímabilinu 1965–1969, mest sumarið 1967 og hann ræktaði upp af moldar- og taðsýnum víðs vegar af landinu. Um þessa rannsókn, eins og mörg önnur námsverkefni, hefur ekkert birst á prenti og er ritgerðin ennþá óútgefin. Lýsingar Laube á nýjum tegundum hafa ekki verið birtar á réttan hátt og teljast þær ógildar tegundir (nomen invalidum). Í sveppatalinu eru ógildar tegundir merktar með # og eftirnafnið skáletrað.

Guðríður Gyða Eyjólfsdóttir hefur fengist nokkuð við ræktun og greiningu jarðvegssveppa og ritaði prófritgerð um það efni við Háskóla Íslands 1984. Þar var fjallað um nokkrar tegundir oksveppa án þess þó að henni tækist að greina ljósar *Mortierella*-tegundir nema til ættkvíslar. Nýjasta viðbótin eru sníkju-sveppir á blaðlúsum sem danskir sveppafræðingar, í samvinnu við Guðmund Halldórsson skordýrafræðing á Rannsóknastöð Skógræktar á Mógilsá, hafa fundið (Nielsen o.fl. 2000, 2001).

Í þessari skrá eru um 50 tegundir oksveppa en Laube lýsir auk þess um 10 *Mucor*-tegundum sem ekki tókst að nafngreina. Varla er efamál að fjöldi oksveppategunda er enn ófundinn hér á landi, sérstaklega virðast ljósar tegundir ættkvíslarinnar *Mortierella* úr jarðvegi fjölbreytilegar.

## Asksveppir og vankynsveppir

Asksveppir (Ascomycota) eru stærsta fylking svepparíkisins og sú fjölbreytilegasta. Sveppþráðum þeirra er skipt með þverveggjum, ólíkt því sem er hjá undanfarandi fylkingum, og er veggefnið aðallega kítín. Þeir einkennast af sekk-, kylfu- eða hólklaga frumum sem kallast askar (asci), og í myndast einlitna askgró með rýriskiptingu. Askarnir radast vanalega margir saman í hverja askhirslu (ascocarp) en svo nefnast aldin asksveppa. Þessi aldin eru vanalega örsmá (0,5–1 mm) en geta líka verið allstór, jafnvel á stærð við hattsvoppi, oft með áberandi litum.

Kerfi asksveppa byggðist áður fyrr mest á aldingerðinni og skiptust þeir í flokkana: frumeskinga (*Hemiascomycetes*) án aldina; hnoðeskinga (*Plectomycetes*) með lokuð aldin; skjóðusveppi (*Pyrenomycetes*) með askhirslur með opi sem gróum er skotið út um; hólfeskinga (*Loculoascomycetes*) en aldin þeirra eru beðjur (*ascostroma*) með tvíveggja (bitunicate) öskum; skordýraeskinga (*Laboulbeniomycetes*) sem mynda smágerð aldin sem hanga utan á skordýrum og disksveppi (*Discomycetes*) sem mynda opnar skálar- eða diskklaga

askhirslur. Núverandi flokkun er að mestu byggð á gerð aska og lögun og gerð askgróa sem og á efnafræðilegum einkennum. Flokkunarkerfi asksveppa hefur verið í stöðugri þróun síðasta aldarfjórðunginn og ríkti lengi óvissa um flokkunareiningar milli fylkingar og ættbálks. Eriksson & Winka (1997) lögðu fram tillögu að skiptingu sem Eriksson o.fl. (2002) útfærðu nánar í „Outline of Ascomycota – 2002“ sem hér er fylgt. Þeir hópar sem enn hefur ekki verið komið fyrir í kerfinu svo vel fari á eru hafðir aftast í þeirri flokkunareiningu sem þeir eru taldir tilheyrja og merktir „incertae sedis“.

Mjög margir asksveppir hafa auk aldinstigs (teleomorph) annað miklu einfaldara vaxtarstig sem er vankynstig (anamorph) sveppsins. Á vankynstigi sínu myndar asksveppur kóníðugró (conidia) með jafnskiptingu (mitosis) án kynferlis. Það er oft erfitt að átta sig á því að einn og sami sveppurinn geti komið fyrir á þetta ólíku formi og var stigum slíkra sveppa því gefin nöfn eins og um tvær sjálfstæðar tegundir væri að ræða. Þetta skapaði töluverð vandræði þar sem almennt séð þá á hver tegund að hafa eitt gilt latneskt nafn. En reynt hefur verið að leysa þetta og kallast allur sveppurinn (teleomorph + anamorph) holomorph og er nafn kynstigsins löglegt nafn hans alls. Vankynstigið hélt sínu nafni. Þessi tvínefning hlaut alþjóðlega viðurkenningu um 1950 enda er ennþá langt frá því að allar vankynstegundir hafi verið paraðar við kynstig tegundar sinnar.

Vankynstegundum hefur verið skipað í tilbúið kerfi sem eingöngu byggist á útlitseinkennum og því ekki gert ráð fyrir skyldleika tegunda sem þannig raðast saman í ættkvíslir. Til að undirstrika það að vankynsveppir séu á undanþágu og kerfi þeirra endurspegli ekki skyldleika eru þeir aðeins flokkaðir í ættkvíslir en hvorki í ættir né ættbálka. Reyndar er vankynsveppum oft skipt í tvo hópa og eru þeir sem mynda gróhirslur kallaðir holsveppir (coelomycetes) en þeir sem bera gró sín á gróberum utan gróhirslna eru kenndir við sveppþráð (hyphomycetes), stundum kallaðir myglusveppir á íslensku. Gagngert er unnið að því að minnka notkun á nöfnum sem ýja að því að um eiginlegt flokkunarkerfi sé að ræða hjá vankynsveppum, eins og Fungi imperfecti og Deuteromycetes (-mycota).

Tegund asksvepps sem vitað er að hefur vankynstig sem ber sitt eigið nafn er því skráð á tveim stöðum í sveppatalinu rétt eins og um tvær tegundir væri að ræða. Til að tryggja það að tengslin haldist milli beggja stiga tegundar er nafns vankynstigs getið í hornklofum með kynstigi og öfugt. Þegar einungis kynstigið hefur fundist hérlendis er einungis fjallað um tegundina í asksveppahluta listans, þ.e. við nafn vankynstigsins (sem þá er skáletrað og auðkennt með \*) í vankynsveppakaflanum er aðeins nafn kynstigsins í hornklofum. Þegar vankynstigið hefur fundist hérlendis en ekki kynstigið (þá auðkennt með \*) er einungis fjallað um tegundina í vankynsveppahluta skrárinnar. Þegar bæði stig sama svepps eru skráð hérlendis kemur tegundin fyrir í báðum hlutum skrárinnar.

Nokkurra asksveppa er getið í elstu plöntulistum frá Íslandi (t.d. Müller 1770) en fyrsta bitastæða heimildin um íslenska asksveppi er þó ritgerð Carl Johan Johanson (1884), þar sem getið er 54 tegunda, þar af 8 sem lýst var í fyrsta



skipti (frumlýst). Í lista Emil Rostrup (1885) er getið annarra 40 tegunda og í heildarskrá hans um íslenska sveppi (1903) telur hann 283 tegundir asksveppa.

Hvorki Johanson né Rostrup komu nokkru sinni til Íslands. Sá fyrrnefndi fékk sýni sem sænskur greifi og þörungafraeðingur, H. Strömfelt, hafði safnað 1883 en sá síðarnefndi nafngreindi sýni frá Ólafi Davíðssyni og Stefáni Stefánssyni kennurum við Möðruvallaskóla í Hörgárdal og fleirum. Ólafur var sérstaklega duglegur og natinn safnari og var söfnunarsvæði hans aðallega í nágrenni Möðruvalla. Þaðan eru því þekktar langflestar asksveppategundir landsins og margar aðeins þaðan. Auk þess skoðaði Rostrup og nafngreindi sníkjusveppi á þurrkuðum plöntum frá Íslandi sem geymdar eru í grasasafninu í Kaupmannahöfn (C).

Næsta heildarskrá um íslenska sveppi (Larsen 1932) tilgreinir 340 tegundir asksveppa sem Poul Larsen o.fl. höfðu safnað og nafngreint. Síðan gerist lítið í þessum fræðum langa hríð og það er ekki fyrr en eftir 1960 að bætast tók við þekkingu manna á íslenskum asksveppum. Það var afrakstur heimsókna erlendra sérfræðinga til landsins og má telja þau Ivar Jørstad, Henry Dissing, A.R. Cavaliere, T.W. Johnson jr., Finn og Helgu Roll-Hansen, Kerstin og Lennart Holm, Trond Schumacher, Henrik F. Gøtzsche, Jan Vesterholt og Olav Aas, sem öll söfnuðu og greindu íslenska asksveppi.

Af íslenskum fræðimönnum má nefna: Ágúst H. Bjarnason, Bjarna E. Guðleifsson, Eirík Jensson, Guðríði Gyðu Eyjólfsdóttur, Halldór Sverrisson, Helga Hallgrímsson, Hörð Kristinsson, Ingibjörgu Hilmarsdóttur og Ingólf Davíðsson sem hafa safnað asksveppum og vankynsveppum og greint eða sent til greiningar.

Enn er þó langt frá því að þekking á íslensku asksveppaflórunni geti kallast viðunandi, og er mikið verk óunnið á því sviði, bæði hvað varðar tegundir og útbreiðslu þeirra á landinu.

Í Íslensku sveppatali II (Helgi Hallgrímsson 1991), sem fyrr var getið, voru skráðar um 590 tegundir asksveppa, og hafði tegundum fjölgað um 250 frá sveppaskrá Larsens (1932). Í þessari skrá er getið um 625 tegunda af asksveppum, og rúmlega 400 tegunda vankynsveppa.

Í formála var rætt um sveppakerfið og breytingar á því sem eru sérstaklega miklar og áberandi hvað asksveppi varðar. Tegundanöfn asksveppa hafa verið erfið viðureignar en skýrðust töluvert við útkomu Breska asksveppatalsins (Cannon o.fl. 1985) og enn frekar með asksveppahluta Stórsveppaflóru Norðurlanda (Hansen & Knudsen 2000) og Sænska skjóðusveppatalinu (Eriksson 1992). Einnig var leitað í ritum um flokkunarfræði einstakra ættkvísla, bæði að umfjöllun um íslensk sýni sem og um samheiti tegunda og misgreiningar. Þrátt fyrir það var hvergi að finna upplýsingar um allmargar tegundir og voru þær merktar með upphrópunarmerki (!) framan við nafnið og taldar óvissar. Sumar þeirra eru sjálfsagt enn í fullum rétti sem tegundir þótt aðrar hafi eflaust orðið samnefndar tegundum sem ekki fundust upplýsingar um.

## Kólfsveppir: ryðsveppir, sótsveppir og lyngrauðusveppir

Fylking kólfsveppa (Basidiomycota) skiptist í 3 flokka, Urediniomycetes, Ustilaginomycetes og Basidiomycetes og er hér fjallað um tvo þá fyrrnefndu er eiga það sameiginlegt að hafa þverskipta kólfa, lifa sníkjulífi í fræplöntum og byrkningum og mynda ekki aldin. Þeir voru oft nefndir einu nafni þelsveppir (Teliomycetes), en er nú skipt í Urediniomycetes, þar sem ryðsveppir eru helsti hópurinn, og Ustilaginomycetes með sótsveppum og lyngrauðusveppum.

Sveppþræðir þeirra vaxa í vefjum plöntunnar og mynda gró á yfirborði hennar, vanalega á blöðum eða stönglum, sem koma fram sem ýmislega litaðir blettir og minna á ryð eða sót. Ryð- og sótsveppir valda oft skaða á nytjaplöntum og til að minnka tjón af þeirra völdum hefur eðli sumra þeirra sem og árásartækni verið krufin til mergjar.

Ryðsveppir og skyldar tegundir í flokknum Urediniomycetes á Íslandi skiptast í ættbálkana Microbotryales, sem áður voru taldir til sótsveppa og mynda fjólublá eða bleikleit gró, Uredinales, ryðsveppi, og ættina *Platyglloeaceae* með tveim tegundum hérlendis, sinni í hvorri ættkvísl. Ryðsveppir mynda oftast gulbrúna eða rauðbrúna (ryðlita) bletti eða skurfur á blöðum og stönglum fræplantna, oft með þúðurkenndu gródufti sem smitar af blettunum. Blöðin gulna oft fyrir tímann af þessum sökum. Stundum breyta sveppirnir vaxtarlagi jurta.

Helsta einkenni ryðsveppa er að þeir framleiða allt að fimm mismunandi gerðir af gróum sem oftast koma fram í ákveðinni tímaröð. Á vorin vaxa litlar gróhirslur er kallast pelar (pycnidia, pykníður) upp af einkjarna sveppþráðum á efra borði blaðanna en í þeim myndast örsmá pelagró, frjófrumur, sem við samruna þræða af öðru kyni mynda tvíkjarnaþræði í blaðinu. Hjá sumum tegundum geta tvíkjarnaþræðirnir myndað þrenns konar tvíkjarna gró, sem koma fram í tímaröð, fyrst skálgró í skálskurfum (aecidia), oftast á neðra borði blaða, þá ryðgró í ryðskurfum (uredia), sem geta verið beggja megin á blaðinu og eru mest áberandi yfir sumarið. Loks þegar líður að hausti myndast svo þelgró (teliospores) í ryðskurfum eða sérstökum þelskurfum (telia). Þau eru síðan í dvala yfir veturinn og spíra að vorinu með þverskiptum kólfum og eftir rýriskiptingu myndast á þeim einlitna kólfró sem eru smá, þunnveggja og glær. Þau smita nýjar plöntur, spíra og mynda einkjarnaþræði í þeim, og þar með lokast ferillinn.

Sumar ryðsveppategundir þurfa að vaxa til skiptis á tveimur ólíkum plöntu-tegundum, til að fullkomna lífsferil sinn og eru þá vanalega pela- og skálgró á annarri en ryð- og þelgró á hinni. Margar ryðsveppategundir framleiða þó ekki nema sumar þessar grótegundir, oftast ryðgró eða þelgró. Aðalgrógerðirnar eru einkenndar með rómverskum tölum, þ.e. I = skálgró, II = ryðgró og III = þelgró, en pelagró eru táknuð með 0. Þessi stig eru tilgreind í skránni aftan við nafn hýsilplantnanna sem bera þau og í hýslaskránni eru stigin tilgreind aftan við nafn ryðsveppsins.

Sótsveppir (Ustilaginales) líkjast ryðsveppum í lifnaðarháttum en valda oftast einhverri ummyndun á hýsiljurtinni einkum á blómum og aldinum. Þeir framleiða

oftast sótrún dvalagró, sem kallast sótgró, í sérstökum sótskurfum. Þau samsvara þelgróum ryðsveppa því að af þeim spretta þverskiptir kólfar við spírunina er framleiða kólfgró. Sótsveppir eru algengastir í jurtum af grasa-, sef-, og stararættum. Í hýslaskránni eru sótsveppir og *Microbotryum* tegundir einkenndir með bókstafnum -S aftan við nafn sveppsins til að auðvelda þeim sem vilja nota hýsiltegund til að greina þessa, oft hýsilvöndu, sníkjusveppi.

Lyngrauðusveppir (Exobasidiales) eru nú í undirflokknum Exobasidiomycetidae ásamt Entylomatales-ættbálki sótsveppa. Þeir hafa það sameiginlegt með sótsveppum að lifa og vaxa í vefjum fræplantna, aðallega af lyngættinni. Sveppurinn veldur því að blöð og stönglar hýsilsins þrútna og stækka oft óeðlilega og fá ýmsa lit. Þegar líður á sumarið verður neðra borð blaðanna grámyglað af kólfunum og gróum þeirra. Þetta er lítill sveppahópur aðeins 7 tegundir þekktar hér á landi þar af ein sem er slæðingur.

Ryð- og sótsveppir hafa verið kannaðir meira og betur en flestir aðrir sveppir hér á landi. Johanson (1884) getur 14 tegunda og Rostrup (1885) 17 tegunda. Í heildarskrá Rostrups (1903) eru taldar 54 tegundir. Í næstu heildarskrá (Larsen 1932) eru þær orðnar um 60 talsins. Þeir Johanson og Rostrup frumlýstu nokkrum tegundum héðan en þær hafa reynst vera samnefni eldri tegunda.

Það var þó fyrst með söfnun og rannsóknnum norska sveppafræðingsins Ivars Jørstad, á árunum 1937–1939, sem íslenskir ryð- og sótsveppir voru kannaðir á kerfisbundinn hátt af sérfræðingi. Jørstad og félagar söfnuðu hátt í tvö þúsund sýnum af ryð- og sótsveppum hérlendis. Auk þess endurskoðaði Jørstad eldri söfn af þessum sveppum í Kaupmannahöfn, Reykjavík og Stokkhólmi.

Niðurstöður rannsókna birti hann í tveimur ritgerðum, sem prentaðar voru í ritum Vísindafélagsins í Osló, árin 1951 og 1962. Í þeim er getið 51 tegundar af ryðsveppum og 27 sótsveppategunda, eða 78 tegunda alls. Tékkneskur sveppafræðingur, Zdenek Urban að nafni, safnaði árið 1948 hundruðum sýna af ryð- og sótsveppum mest á takmörkuðu svæði á SV-landi (Guðmundur Kjartansson 1948). Í ritgerð hans (Urban 1958) eru taldar 50 tegundir en fáar þeirra voru nýjar fyrir landið.

Í þessari skrá er getið um 70 tegundir og afbrigði ryðsveppa, 2 tegundir af ættinni *Platyglloeaceae*, 36 tegundir sótsveppa (þar með taldar *Microbotryum* tegundirnar 7) og 7 lyngrauðusveppi eða 111 kólfsveppategundir auk 4 afbrigða alls. Skráin er að mestu byggð á heimildum en auk þess var farið yfir þelsveppasöfnin á Náttúrufræðistofnun Íslands á Akureyri og í Reykjavík. Á Akureyrarsetri eru um 190 sýni sem ýmsir hafa safnað og nafngreint. Á Reykjavíkurstetri eru um 100 sýni og hefur Ólafur Davíðsson safnað þeim flestum í Eyjafirði en Rostrup nafngreint þau.

Mest var stuðst við Gjærum (1974) um ryðsveppi á Norðurlöndunum og Kochman & Majewski (1973) um pólska sótsveppi, Nannfeldt (1977 og 1979) um stararsótsveppi og Vánky (1994) um sótsveppi í Evrópu.

Þelsveppaskráin var vélrituð eftir spjaldskrá og dreift sem ljósriti til nokkurra stofnana hér á landi og erlendis (Helgi Hallgrímsson 1988b).

## TEGUNDATAL

## PROTOZOA

MYXOMYCOTA *SLÍMSVEPPIR*

## DICTYOSTELIOMYCETES

## DICTYOSTELIALES

## Dictyosteliaceae Rostaf. ex Cooke

## DICTYOSTELIUM Bref.

*mucoroides* Bref. - *hnappslap* - Laube 1971, 200. Á taði, Ketilsstaðir Völlum, Au.

## MYXOMYCETES

## ECHINOSTELIALES

## Echinosteliaceae Rostaf. ex Cooke

## ECHINOSTELIUM de Bary

*brooksii* K.D. Whitney - Göttsche 1984, 17; 1987a, 55-56; 1990, 9. Á kvistum með berki af *Betula pubescens*, *Larix russica* og *Pinus sp.* Ve, Na, Au, Su. Tið eða algeng á birki.

*corynophorum* K.D. Whitney - Göttsche 1984, 17; 1987a, 56-57; 1990, 10. Á *Betula pubescens*, *Larix russica* og *Pinus sp.* Na, Au, tíð á birki norðanlands.

*fragile* Nann.-Bremek. - Göttsche 1984, 18; 1987a, 58-59. Á *Betula pubescens*, berki. Skaftafell, Au.

*minutum* de Bary - Göttsche 1984, 19; 1987a, 59-62; 1990, 10. Á berki (kvistum) af *Betula pubescens*, *Betula nana* og *Salix spp.*, einnig á sölnuðum nálum eða laufi af *Pinus spp.* og ýmsum lyngtegundum. Algeng um land allt.

## LICEALES

## Liceaceae Chevall.

## LICEA Schrad.

*marginata* Nann.-Bremek. - Göttsche 1987a, 74-75; 1990, 11. Á berki af *Betula pubescens*. Su, Au.

*minima* Fr. - Göttsche 1987a, 76-78 [♦ *Licea testudinacea* Nann.-Bremek., misnefni]; 1990, 11. Á berki af *Betula pubescens*. Ve, Na, Au, fátið.

*parasitica* (Zukal) G.W. Martin - Göttsche 1987a, 75-76; 1990, 12. Á berki af *Betula pubescens*. Ve, fátið.

*variabilis* Schrad. - Göttsche 1984, 21; 1987a, 78-79. Á fínum barrviði. Reykjavík, Ve.

## Reticulariaceae Chevall.

### ENTERIDIUM Ehrenb.

**olivaceum** Ehrenb. - Rostrup 1903, 285 [*Reticularia olivacea* (Ehrenb.) Fr.]; Götzsche 1987a, 63-64; 1990, 10. Á fúnum við og kvistum af *Betula pubescens*. Ve, Na, Au, Su, fátíð.

**splendens** (Morgan) T. Macbr. var. **jurana** (Meyl.) Härk. - Götzsche 1987a, 64-65; 1990, 11. Á fúnu birki. Hallormsstaður, Au.

### LYCOGALA Pers.

**epidendrum** (L.) Fr. - *skollanjólk* - Helgi Hallgrímsson 1960, 192; Hörður Kristinsson 1977, 111; Champion 1982; Götzsche 1984, 21-22; 1987a, 79-80; 1990, 12. Í skógum, á fúnum greinum og stubbum af *Betula pubescens*. Tíð um land allt.

PHYSARALES
------------

## Didymiaceae Rostaf. ex Cooke

### DIDERMA Pers.

**niveum** (Rostaf.) T. Macbr. sensu lato - Götzsche 1984, 16; 1987a, 46-48. Á sinu og lyngi (undan fönnum). Nm, Na.

■ **spumarioides** (Fr.) Fr. - Götzsche 1987a, 48-49. Á sölnuðu laufi af *Populus tremula*. Grund Eyjafirði, Na. Óviss greining.

### LEPIDODERMA de Bary

**caretianum** (Rabenh.) Rostaf. sensu lato - Rostrup 1903, 285; Götzsche 1987a, 73-74. Á stönglum af *Hieracium sp.* Þorvaldsdalur Eyjafirði, Na.

### MUCILAGO Battarra

**crustacea** F.H. Wigg. - *dritlingur* - Helgi Hallgrímsson 1960, 192; Götzsche 1984, 22; 1987a, 82-83; 1990, 12; AMNH. Á lifandi grasi og *Lupinus nootkatensis*. Ve, Na, Au, alltið.

## Physaraceae Chevall.

### BADHAMIA Berk.

**macrocarpa** (Ces.) Rostaf. - *sinugrjón* - Hörður Kristinsson & Bjarni E. Guðleifsson 1976, 49, [*Physarum cinereum* (Batch) Pers. (misgreining)]; Götzsche 1984, 15; 1987a, 32-33. Á sinu undan snjófönnum. Eyjafjörður, Na, algeng þar á vorin.

**utricularis** (Bull.) Berk. - Götzsche 1987a, 33-35; 1990, 8. Á berki og fúakvistum af *Betula pubescens*. Na, Au, Su, fátíð.

### CRATERIUM Trentep.

**leucocephalum** (Pers.) Ditmar - Götzsche 1984, 16; 1987a, 43-44; 1990, 9. Á berki af *Betula pubescens*, kvistum af *Picea sp.*, blöðum af *Salix sp.* og grasi. Ve, Au. Líklega var. **scyphoides** (Cooke & Balf.) G. Lister.

### FULIGO Haller

?**septica** (L.) F.H. Wigg. - *tröllasmjör* - Ingólfur Davíðsson 1962, 117. Í gróðurhúsum. Líklega slæðingur.

**LEOCARPUS** Link.

**fragilis** (Dicks.) Rostaf. - Göttsche 1984, 21; 1987a, 72-73; 1990, 11; AMNH. Í skógum og lyngmóum, á mosa, grasi, trjágreinum og *Empetrum nigrum*. Ve, Nv, Na, Au, fátíð.

**PHYSARUM** Pers.

■ **carneum** G. Lister & Sturgis - Göttsche 1987a, 88; 1990, 12. Á mosa í kjarri. Þingvellir, Su. Óviss greining.  
**cinereum** (Batsch) Pers. - Rostrup 1903, 285; Göttsche 1984, 22; 1987a, 89-90. Á *Dryas octopetala* og sinu. Na, Au, fátíð.

**famintzinii** Rostaf. - Göttsche 1990, 13. Á barri og kvistum undir *Picea engelmannii*. Hallormsstaður, Au.

**mutabile** (Rostaf.) G. Lister - Göttsche 1984, 22; 1987a, 90. Á grasblöðum. ?Reykjavík, Ve.

**STEMONITALES****Stemonitidaceae** Fr.**AMAUROCHAETE** Rostaf.

**atra** (Alb. & Schwein.) Rostaf. - Göttsche 1984, 14; 1987a, 23; AMNH. Á berki eða stubbi af *Pinus* sp. Grund og Kjarnaskógur Eyjafirði, Na.

**COMATRICHA** Preuss

**ellae** Härk. - Göttsche 1987a, 37; 1990, 8. Á kvisti af *Betula nana*. Goðafoss, Na.

**laxa** Rostaf. - Göttsche 1987a, 38-40; 1990, 8. Á fúnum við og berki (greinum) af *Betula pubescens* og *Betula nana*. Ve, Au, Su, tíð.

**nigra** (Pers.) J. Schröt. - *örtrjálingur* - Larsen 1932, 463; Helgi Hallgrímsson 1960, 191; Göttsche 1984, 15; 1987a, 42-43; 1990, 9. Á fúnum við og kvistum af *Betula pubescens*, *Betula nana* og *Salix* sp. Líklega einnig á fúnu, innfluttu timbri. Algeng um land allt.

**ENERTHENEMA** Bowman

**papillatum** (Pers.) Rostaf. - Göttsche 1987a, 62-63; 1990, 10. Á kvistum og fúnum við af *Betula pubescens*. Ve, Na, Su, alltið.

**LAMPRODERMA** Rostaf.

**arcyrioides** (Sommerf.) Rostaf. - Rostrup 1903, 285 [*L. violaceum* (Fr.) Rostaf.]; Hörður Kristinsson & Bjarni E. Guðleifsson 1976, 49; Göttsche 1984, 19; 1987a, 67-68; 1990, 11. Á sinu, mosa, fúnum birkiviði o.fl., stundum undir fönnum. Na, Au, alltið í Eyjafirði.

■ **columbinum** (Pers.) Rostaf. - Rostrup 1903, 285 [*L. physaroides* (Alb. & Schwein.) Rostaf.]; Göttsche 1987a, 68-69. Á sinu af *Deschampsia caespitosa*. Hof Hörgárdal, Na. Óviss greining.

**sauteri** Rostaf. - Göttsche 1984, 19; 1987a, 69-71. Á sinu undan fönnum. Nm, Na, fátíð.

Göttsche 1984, 20-21 & 1987a, 71-72, lýsir ógreindri tegund af mosa og grasi úr snjóðæld. Glerárdal Eyjafirði, Na. Eitt sýni í AMNH. Líkist mest *L. cristatum*, er líklega ný tegund, en sýnið var of lítið.

**PARADIACHEOPSIS** Hertel

**cribrata** Nann.-Bremek. - Göttsche 1987a, 84-86; 1990, 12. Á berki af *Betula pubescens*. Hreðavatn, Ve.

**STEMONITIS** Gled.

